

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð fyrir Hitaveitu**  
**Grímsness- og Grafningshrepps, nr. 252/2001.**

1. gr.

Í staðinn fyrir „Grímsness-“ í heiti reglugerðarinnar kemur: Grímsnes-

2. gr.

1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi: Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps er sjálfstætt fyrirtæki, sem Grímsnes- og Grafningshreppur á og starfrækir.

3. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi:  
Staðsetning inntaks innanhúss skal uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar um inntaksrými varðandi stærðir, niðurföll í gólfi í nánd við inntak og tengigrind, þröskuld í dyrum, gott aðgengi, loftræsing, lýsingu og frostrítt inntak. Tengigrind skal vera í sérstökum skáp utanhúss við fristundahús og önnur hús þar sem ekki er dagleg viðvera. Frekari skilyrði um gerð, eiginleika og stærð inntaksskáps getur verið háð breytingum en skal vera uppgafið af veitustjóra.

4. gr.

2. másl. 4. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Inntaksrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitunnar.

5. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi:  
Hitaveitan ber ekki ábyrgð á tjóni sem af því getur hlotist. Fara skal með slíkt brot sem ólögmeta vatnsnotkun.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 82. gr. orkulaga, nr. 58/1967, öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 15. desember 2023.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

Stefán Guðmundsson.